

Fimmtudaginn 28. janúar 1993.

Nr. 303/1992. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Friðrikssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Skjalafals.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Guðrún Erlendsdóttir og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 30. júní 1992 að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar refsingu.

Ákærði og Haukur Sveinbjarnarson, kærandi í máli þessu, gerðu með sér samning 19. ágúst 1987 um kaup hins síðarnefnda á hluta-bréfum í Bátagerðinni Samtaki. Samkvæmt 1. tl. samningsins skyldi kaupverðið meðal annars greitt með tveimur skuldabréfum, að fjárhæð 500.000 krónur hvort, og varðar mál þetta annað þeirra. Samningsaðila greinir á um það, hvort ákærði hafi mátt ráðstafa skuldabréfunum að vild sinni þegar eftir samningsgerðina, en samkvæmt munnlegu samkomulagi þeirra tæplega ári síðar átti ákærði að afhenda Hauki bréfin á móti tveimur bátsskrokkum, er fyrirtæki hans smíðaði fyrir ákærða. Haukur Sveinbjarnarson hefur haldið því fram, að þessi skuldabréf hafi einungis átt að vera til tryggingar því, að hann léti ákærða í té tvær bátskeljar samkvæmt upphaflegu samkomulagi þeirra.

Framangreindur samningur ber ekki annað með sér en að skulda-bréfin tvö hafi átt að vera hluti greiðslu Hauks Sveinbjarnarsonar fyrir hlutabréfin. Af honum verður ekki ráðið, að umráð ákærða yfir bréfunum hafi sætt nokkrum takmörkunum. Ákærði fyllti út það bréf, er mál þetta varðar, í samræmi við staðlað form þess sjálfs um lánskjaravísitölu og vexti, áður en hann afhenti það Búnaðarbanka Íslands, þó með þeirri breytingu, að vextir skyldu fara eftir vaxtaákvörðun þess banka í stað Seðlabanka Íslands. Ekki hefur verið sýnt fram á, að nokkrar breytingar á bréfinu leiði til óhagstæðari kjara fyrir skuldara þess en Haukur Sveinbjarnarson

mátti gera ráð fyrir, er hann afhenti ákærða bréfið undirritað og án skriflegs fyrirvara.

Ákæruvaldinu hefur eigi tekist að sanna, að ákærði hafi farið með umrætt skuldabréf í andstöðu við samning þeirra Hauks Sveinbjarnarsonar í því skyni að blekkja með því í lögskiptum. Allur vafi í þessu efni verður metinn ákærða í hag, sbr. 46. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Eins og ákært er í máli þessu, ber því að sýkna ákærða af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Friðriksson, á að vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins.

Allur sakarkostnaður málsins í héraði og fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 90.000 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1992.

Ár 1992, fimmtudaginn 18. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Helga I. Jónssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 293/1992: Ákæruvaldið gegn Jóni Friðrikssyni, sem tekið var til dóms 3. þ. m.

Málið er höfðað með ákæru ríkissaksóknara, dagsettri 13. febrúar sl., á hendur ákærða, „Jóni Friðrikssyni, Skipholti 7, Reykjavík, fæddum 12. desember 1944, fæðingarnúmer 314, fyrir skjalafals með því að hafa 10. mars 1988 afhent Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka í Reykjavík, að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á erlendum ábyrgðum ákærða skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., með gjalddaga 20. ágúst 1989, út gefið af Hauki Sveinbjarnarsyni fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði, og áritað af honum sem sjálfskuldarábyrgðaraðila, sem ákærði hafði án heimildar Hauks og í blekkingarskyni. breytt að efni til þannig, að hann bætti inn á það grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5%, dagsetti það 1. október 1987 og breytti kröfuhafa úr Landsbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands.

Telst þetta varða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar auk skaðabóta, ef þeirra verður krafist“.

Málavextir.

Með bréfi, dagsettu 7. maí 1991, kærði Haukur Sveinbjarnarson persónulega og f. h. Samtaks hf. „fölsun og innheimtu á skuldabréfi“. Í kærubréfinu segir m. a., að ákærði í máli þessu, Jón Friðriksson, hafi á árinu 1987 gengið út úr fyrirtæki kæranda og ákærða, Samtaki hf., og kærandi og fjölskylda hans keypt hlutafjáreign hans. Hafi ákærði fengið afhent að handveði skuldabréf og átt að skila því aftur, enda hafi það verið trygging fyrir uppgjöri, sem fram hafi farið. Það hafi hann hins vegar ekki getað, þegar eftir því hafi verið gengið.

Í málinu liggur fyrir afrit af ofangreindu skuldabréfi, og samkvæmt því viðurkennir Bátagerðin Samtak hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði, að skulda Landsbanka Íslands 500.000 kr. Er um staðlað skuldabréfaform að ræða og lánið samkvæmt því bundið lánskjaravísitölu með ótilgreindri grunnvísitölu. Ber að endurgreiða lánið með eingreiðslu 20. ágúst 1987. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu höfuðstóls, „vaxta, dráttarvaxta og vísitöluálags af bréfinu svo og öllum öðrum kostnaði, sem af vanskilum kann að leiða“, tekst kærandi í málinu á hendur sjálfskuldarábyrgð og gefur það út pr. pr. Bátagerðin Samtak hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði. Bréfið er ódagsett og óvottað.

Þá liggur fyrir í málinu ljósrit af samningi milli kæranda og ákærða, dagsettum 19. ágúst 1987, svohljóðandi:

„Við undirritaðir, Haukur Sveinbjarnarson og Jón Friðriksson, gerum með okkur eftirfarandi samning um hlutabréf í Bátagerðinni Samtaki. Jón Friðriksson afsalar sér öllum hlutabréfum fyrir sína hönd, Ögmundar Friðrikssonar og Friðriks A. Jónssonar hf. gegn því, að Haukur fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks afhendi:

1. 2 skuldabréf, 500.000 kr., afsal 20/8 1988, og 500.000 kr., afsal 20/8 1989.
2. Bifreið, X 4166.
3. Bátskel, Huginn sam. no. 6.
4. Húsaleiga til Gellis sf. fyrir Skútahraun 3, verð: greidd með sam. no. 5. (Hanna, RE 149).
5. Fyrirvari um endurskoðun er gerður vegna hótunar um málsókn vegna móta Víkings.

Með þessum samningi er samningi aðila í Bátagerðinni Samtaki slitið, og á hvorugur aðilinn, eftir að samningur hefur verið uppfylltur samkvæmt ofanverðu, kröfu á hinn.“

Hinn 10. mars 1988 afhenti ákærði Búnaðarbanka Íslands ofangreint

skuldabréf að handveði. Hafði bréfinu þá verið breytt sem hér segir: Kröfuhafi var orðinn Búnaðarbanki Íslands í stað Landsbanka Íslands. Bætt hafði verið inn í bréfið grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5%. Þá hafði bréfið verið dagsett 1. október 1987. Enn fremur hafði ákærði auk kæranda tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu bréfsins, bæði persónulega og f. h. Gellis sf., Skipholti 7, Reykjavík.

Vitundarvottur að réttri dagsetningu skuldabréfsins, undirskrift og fjáræði útgefanda er orðinn Kjartan Páll Einarsson, nafnúmer 5600-2343.

Með stefnu, út gefinni 22. maí 1990 og þingfestri í bæjarþingi Reykjavíkur 14. júní s. á., höfðaði Búnaðarbanki Íslands mál til innheimtu skuldabréfsins á hendur kæranda og syni hans f. h. Bátagerðarinnar Samtaks hf., en fallið var að svo stöddu frá kröfum á hendur ákærða og Gelli sf. Hefur verið tekið til varna af hálfu stefndu og því haldið fram, að skuldabréfið sé falsað.

Bú ákærða og Gellis sf. var tekið til gjaldþrotaskipta 24. október 1989 og ákærði úrskurðaður gjaldþrota 16. mars 1990. Lauk skiptum 7. september s. á., og námu lýstar kröfur samtals 42.223.070 kr., en engar eignir fundust í búinu. Engar kröfur voru lagðar fram við gjaldþrotameðferðina af hálfu kæranda eða Bátagerðarinnar Samtaks sf.

Ákærði kveður rétt vera, að hann hafi 10. mars 1988 afhent Búnaðarbanka Íslands, aðalbanka í Reykjavík, að handveði til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á erlendum ábyrgðum ákærða og/eða Gellis sf. skuldabréf, að fjárhæð 500.000 kr., með gjalddaga 20. ágúst 1989, út gefið af Hauki Sveinbjarnarsyni f. h. Bátagerðarinnar Samtaks hf., Skútahrauni 11, Hafnarfirði, og áritað af honum sem sjálfskuldarábyrgðaraðila. Viðurkennir ákærði að hafa látið bæta inn á bréfið, eftir að nefndur Haukur Sveinbjarnarson undirritaði það fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks hf. sem útgefandi og ritaði nafn sitt sem sjálfskuldarábyrgðaraðili undir það, grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5% og að hafa látið dagsetja það 1. október 1987 og breyta kröfuhafa úr Landsbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands.

Ákærði kveðst hafa gert munnlegt samkomulag við kæranda, Hauk Sveinbjarnarson, í tilefni samnings þeirra frá 19. ágúst 1987, að Haukur smíðaði tvo bátsskrokka fyrir ákærða gegn því, að ákærði afhenti honum tvö skuldabréf, bæði að fjárhæð 500.000 kr. Hafi annað þeirra verið það bréf, sem mál þetta er sprottið af. Hafi þetta gerst, eftir að ákærði afhenti Búnaðarbankanum skuldabréfið, en þá hafi verið búið að færa ofangreindar breytingar inn á bréfið. Kveðst ákærði telja, að hann hafi þá gert Hauki grein fyrir því, að skuldabréfið væri í Búnaðarbankanum og að ákærði myndi ná því þaðan og afhenda Hauki, þegar hann væri búinn að smíða bátsskrokkana. Hafi Haukur staðið við sinn hluta af samkomulaginu,

þ. e. smíði bátsskrokkanna, og ákærði fengið þá í hendur, en ákærði ekki getað afhent honum skuldabréfið, þar sem það var í bankanum og ákærði orðinn gjaldþrota.

Ákærði kveður skuldabréfið í upphafi hafa verið greiðslu eða tilvísun á greiðslu frá Hauki til ákærða. Því hafi verið um fullkomið skuldabréf að ræða og það verið ákærða til ráðstöfunar að eigin geðþótta. Ákærði hafi ætlað að standa við ofangreint munnlegt samkomulag þeirra Hauks og ekki verið orðinn gjaldþrota, er það var gert, en vegna eftirfarandi gjaldþrots síns ekki tekist að ná því út úr bankanum, eftir að Haukur hafði afhent ákærða bátsskrokkana.

Vitnið Haukur Sveinbjarnarson framkvæmdastjóri, Haukanesi 16, Garðabæ, kveður, að í ágúst 1987 hafi vitnið og ákærði ákveðið, að vitnið keypti hlut ákærða í Bátagerðinni Samtaki hf. Hafi einn liður í kaupum vitnisins af félaginu verið, að ákærði hafi viljað fá tvær bátskeljar upp í kaupverðið. Svo hafi þá staðið á, að fyrirtækið hafi ekki getað afhent ákærða bátskeljarnar strax, eins og hann fór fram á. Því hafi í samningi vitnisins og ákærða frá 19. ágúst 1987, sem ákærði hafi vélritað á skrifstofu sinni hjá Gelli sf. að vitninu viðstöddu, verið sett inn í 1. lið hans, að vitnið myndi afhenda ákærða tvö skuldabréf, hvort tveggja að fjárhæð 500.000 kr., og hafi þau átt að vera til tryggingar afhendingu bátskeljanna. Hafi þessi skuldabréf verið útbúin að kröfu ákærða. Hafi heildarkostnaður við smíði bátskeljanna verið 731.176 kr., þ. e. bæði bátarnir og efnisúttekt, og auk þess hafi vitnið orðið fyrir öðrum kostnaði. Hafi ákærði samþykkt, að þessi fjárhæð ásamt öðrum kostnaði jafngildi 1.000.000 kr., þ. e. nafnverði skuldabréfanna, og ákærði hafi þar með verið búinn að fá að fullu greiddan 1. lið samningsins.

Vitnið kveður, að tæplega ári seinna hafi vitnið og ákærði gert með sér samkomulag símleiðis um, að í stað bátskeljanna myndi Bátagerðin Samtak hf. smíða aðra tegund báta fyrir ákærða, þar sem ákærði hefði þá ekki haft áhuga á bátskeljunum. Hafi bátsskrokkarnir verið afhentir ákærða, og hafi það getað verið í ágúst 1988. Kveðst vitnið áður hafa gengið eftir fyrrnefndum skuldabréfum við ákærða og hann sagt, að það væri ekkert mál, og myndi hann afhenda vitninu þau. Þegar vitnið hafi gegnið oftár eftir bréfunum, hafi ákærði sagt, að hann gæti ekki nálgast þau.

Vitnið mótmælir því harðlega, að þær breytingar og viðbætur, sem gerðar voru, eftir að það ritaði nafn sitt á það (sic), bæði fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks hf. sem útgefanda og persónulega sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, hafi verið gerðar með samþykki sínu.

Við dómsmeðferð málsins fór fram samprófun milli ákærða og vitnisins um það, sem á milli þeirra ber, en hún bar eigi árangur, þar sem bæði ákærði og vitnið héldu fast við fyrri framburð sinn.

Vitnið Kjartan Páll Einarsson útibússtjóri, Sjávarflöt 1, Stykkishólmi, kveðst hafa verið deildarstjóri ábyrgðardeildar erlendra viðskipta í aðal-banka Búnaðarbanka Íslands frá 1983 til 1. júní 1991. Kannast vitnið við að hafa tekið við skuldabréfi því, sem ákært er út af, úr höndum ákærða 10. mars 1988 sem tryggingu fyrir ábyrgðum, sem bankinn tókst á hendur erlendis fyrir hönd ákærða. Vitnið kveðst ekki hafa tekið skuldabréfið gilt, nema sá aðili, sem lagði það fram til tryggingar erlendum viðskiptum sínum, þ. e. Gellir sf. og ákærði, ábyrgðust það. Hafi ákærði undirritað skuldabréfið, fyrst fyrir hönd Gellis sf. og síðan sjálfur, í báðum tilvikum sem sjálfskuldarábyrgðaraðili. Hafi vitnið vottað skuldabréfið og einungis verið að votta undirskrift ákærða, en er vitnið hafi tekið við bréfinu, hafi verið búið að rita á það nafn útgefanda og sjálfskuldarábyrgðarmanns. Hafi bréfið verið eins úr garði gert og skuldabréf það, sem mál þetta snýst um, er vitnið tók við úr hendi ákærða að handveði. Hafi ekkert verið hreyft við efni bréfsins af hálfu bankans, hvorki fyrir né eftir afhendingu þess, og ákærði engan fyrirvara gert við afhendingu þess til bankans, enda komi ekkert slíkt fram í handveðsyfirlýsingu hans.

Niðurstaða.

Svo sem rakið hefur verið hér að framan, liggur fyrir í máli þessu samningur ákærða og Hauks Sveinbjarnarsonar frá 19. ágúst 1987 um hlutabréfakaup hins síðarnefnda í Bátagerðinni Samtaki hf. af ákærða. Samkvæmt 1. lið samnings þessa skyldi Haukur afhenda ákærða tvö skuldabréf, bæði að fjárhæð 500.000 kr., annað með gjalddaga 20. ágúst 1988 og hitt réttu ári síðar. Er mál það, sem hér er til umfjöllunar, rísið af síðara skuldabréfinu.

Ákærða og Hauki ber ekki saman um tilurð nefndra skuldabréfa. Heldur Haukur því eindregið fram, að þau hafi átt að vera til tryggingar afhendingu tveggja bátsskrokka til ákærða og að ákærði hafi átt að láta þau sér í té að afhendingu lokinni. Ákærði kannast við, að þeir Haukur hafi gert samkomulag um, að Haukur smíðaði bátsskrokkana fyrir ákærða og að ákærði afhenti honum umrædd skuldabréf við afhendingu þeirra. Jafnframt viðurkennir ákærði, að Haukur hafi staðið við smíði bátsskrokkanna, en ákærði þá ekki getað afhent skuldabréfin og bréf það, sem mál þetta fjallar um, verið í Búnaðarbanka Íslands að handveði. Á hinn bóginn staðhæfir ákærði, að skuldabréfið hafi verið sér til ráðstöfunar að vild, eftir að Haukur afhenti sér það, og ákærði af þeim sökum getað ráðstafað því eins og honum sýndist.

Ákærði afhenti Búnaðarbanka Íslands nefnt skuldabréf að handveði 10. mars 1988. Hefur ákærði viðurkennt að hafa látið breyta nefndu skuldabréfi, sem Haukur hafði gefið út fyrir hönd Bátagerðarinnar Samtaks

hf. og ábyrgst persónulega sem sjálfskuldarábyrgðaraðili, eftir að Haukur hafði afhent sér það og áður en hann afhenti það Búnaðarbankanum, með þeim hætti að bæta inn á það grunnvísitölunni 1797 og vaxtatölunni 8,5%, dagsetja bréfið 1. október 1987 og breyta kröfuhafa úr Landsbanka Íslands í Búnaðarbanka Íslands.

Gegn eindregnum mótmælum Hauks Sveinbjarnarsonar þykir ósannað, að ákærði hafi haft nokkra heimild til að breyta nefndu skuldabréfi, eins og hann hefur viðurkennt að hafa látið gera. Ákærði hefur og viðurkennt að hafa átt að afhenda skuldabréfið að smíði umræddra bátsskrokka lokinni, en ráðstafað því engu að síður 10. mars 1988 í eigin þágu til Búnaðarbanka Íslands og án nokkurs samráðs við Hauk. Þykir samkvæmt framan-sögðu sannað, að hann hafi framvísað skuldabréfinu greint sinn í blekk-ingarskyni í nefndum banka og með því gerst sekur um skjalafals, svo sem honum er gefið að sök í ákæru. Varðar atferli ákærða við 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

— — —

Refsing.

Ákærði hefur unnið sér til refsingar samkvæmt 1. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi fjóra mánuði, en eftir atvikum þykir rétt að fresta fullnustu refsingarinnar og ákveða, að hún skuli niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorði 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Sakarkostnaður.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, sbr. 1. mgr. 141. gr. laga nr. 71, 1974, um meðferð opinberra mála, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem þykja hæfilega ákveðin 40.000 kr.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jón Friðriksson, sæti fangelsi fjóra mánuði, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að liðnum þremur árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22, 1955.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Hilmar Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 40.000 kr.